

1869.
31. marz.

1782 6. gr., smbr. kansellíbréf 1. ágústmán. 1801 og rentukammerbréf 22. marzmán. 1826.

Nú er álits reikningastjórnardeildarinnar hefir verið leitað um málefni þetta, hefir hún svarað á þá leið, að þar sem 6. gr. í reglugjörð 17. júlímán. 1782 ákvarðar með berum orðum, að það sé eingöngu prestar og andlegrar stéttar menn, sem þjóna opinberum embættum, er ekki eigi að gjalda tíund til annara en fátækra, þá verði ekki ráðið af því, að hið sama sé einnig um prestsekkjur, því að í raun og veru sé ákvörðunin miklu fremur þeim skilningi til stuðnings, að prestsekkjur sé ekki undanþegnar að gjalda tíund til kirkju, og þegar skattur og gjafthollur eru nefndir í niðurlagi tæðrar greinar sem dæmi uppá gjöld, er prestsekkjur eru undanþegnar, þá er líka með því skorið úr, að það sé sjálfir skattarnir og gjöldin til ríkissjóðsins, sem slíkar ekkjur eru leystar undan, en alls ekki kirkjutíundin, því hinar lögbodnu tekjur kirkjunnar verði ekki teknar af henni með konungsúrskurði. Kansellíbréf 1. ágústmán. 1801 og rentukammerbréf 22. marzmán. 1826 sé líka þessu áliti til stuðnings.

Samkvæmt því, sem reikningastjórnardeildin þannig hefir tekið fram, sér dómsmálastjórnin sér ekki fært að leysa ofan nefnda ekkju undan því að gjalda kirkjutíund þá, sem krafist hefir verið af henni, en hinsvegar er það vitaskuld, að það er á hennar sjálfrar valdi að fá úrskurð dómstólanna um, hvort þessi skylda hvíli á henni eður eigi.

31. marz.

26. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um skilmála fyrir að útlendir menn megi stunda fiskiveiðar á Íslandi.

Með bréfi dagsettu 1. þ. m. hefir utanríkisstjórnin sent hingað eptirrit af bréfi frá Jourdan skipaútgjörðanmanni í Granville til hins konunglega verzlunarstjóra í Havre, þar sem hann lætur í ljósi þá ósk sína, að fá vitneskju um, hvers útlendir menn eigi að gæta, til þess að þeir megi stofna fiskiútveg á Íslandi

o. fl., og hefir utanríkisstjórnin bedið um vísbendingar þær, sem með þurfa til að leysa úr þessari fyrirspurn.

1869.
31. marz.

Dómsmálastjórnin skal leyfa sér að skýra frá um þetta efni, að, til þess að útlendir menn geti stundað fiskiveiðar frá Íslandi og sett fiskiútveg á stofn þar, verða þeir að taka sér bólfestu á Íslandi og öðlast þar borgararétt, og sömuleiðis verður að útvega skipum þeim, sem á að hafa til fiskiveiðanna, danskan þjóðernisrétt; en við það er athugavert, að ef skipin eru eign hlutafélags, þá verður hlutafélagið sjálft að eiga heima á Íslandi eður annarstaðar í löndum Danakonungs, til þess að skipin geti öðlzt danskan þjóðernisrétt og siglt með dönsku flaggi.

27. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um brot gegn íslenskum lögum um verzlun og fiskiveiðar.

31. marz.

Útaf bréfi yðar, herra amtmáður, dagsettu 18. septembermán. f. á., skrifði dómsmálastjórnin utanríkisstjórninni og bað hana um að láta skora á S. Allenou í Paimpol, sem útgjörðarmann fiskiskipa þeirra, er undanfarin ár hafa brotið á móti íslenskum lögum um verzlun og fiskiveiðar, sér í lagi með því að ferma og skipa upp salti og veiðarfærum inni á kaupúninu Grundarfirði í Snæfellsnessýslu, að greiða af sjálfsdáðum hið lögboðna lestagjald af tæðum skipum, og þar á ofan sekt fyrir lagabrot þetta, er dómsmálastjórnin eftir málavöxtum þóttist geta ákveðið til 10 rd. fyrir hvert skip, en það er minnsta hegningin, sem 9. grein í lögunum 15. aprílmán. 1854 til tekur. Utanríkistjórnin hefir nú svarað, að hún hafi gjört þær ráðstafanir, sem með þurftu, í þessu efni, og hafi nú fengið skýrslu frá hinum konunglega verzlunarstjóra í Nantes um, að hann hafi tvívegis skrifað S. Allenou um áskorun þessa, en ekkert svar fengið, enda þótt hann viti með vissu, að seinna bréfið að minnsta kosti hafa borizt tæðum skipsútgjörðarmanni til handa.

Jafnframt og yður er kunngjört þetta, herra amtmáður, eruð